

Heimahelgistund – Pálmasunnudagur 2020

Undirbúningur:

Undirbúningur þarf ekki að vera flókinn. Gefðu þér tíma og gott næði til að lesa, biðja og íhuga. Gott er að koma kveikja á kertum og kom sér vel fyrir. Biblían þarf að vera til staðar eða tölva/snjallsími til að lesa ritningarlestra, hlusta á sálma og predikun.

Signing: Í nafni Guðs föður + sonar + og heilags anda.

Bænir – tveir valmöguleikar:

Drottinn Guð, ég kem fram fyrir þig á þessari stund, opna hjarta mitt fyrir orði þínu og anda þínum, blessa mig þessa stund. Amen

Vertu, Guð faðir, faðir minn, í frelsarans Jesú nafni, hönd þín leiði mig út og inn, svo allri synd ég hafni. (H.P)

Ritningarlestrar: Lesið 1-3 texta.

Lexía: Sakaríá 9.9-10 (<https://biblian.is/biblian/sakaria-9-kafli/>)

Pistill: Filippíbréfið 2.1-11 (<https://biblian.is/biblian/filippibrefid-2-kafli/>)

Guðspjall: Jóhannes 12.1-16 (<https://biblian.is/biblian/johannesargudspjall-12-kafli/>)

Sálmur:

Hér má heyra Kór Akraneskirku flytja sálminn *Ég er hjá þér*

<https://www.youtube.com/watch?v=W1uv1w8JmM&t=10s>

Textann getur þú lesið hér

<https://kirkjan.is/kirkjan/salmar/salmur/?itemid=3c50254f-3393-11ea-9111-005056bcebcd>

Hugvekja:

sr. Þráinn Haraldsson hefur útbúið tvær hugvekjur sem hægt er að hlusta á. Önnur er íhugun út frá guðspjallstexta dagsins og í hinni er saga pálmásunnudagsins sögð með flettimyndabíblíu fyrir yngstu kynslóðina.

Íhugun: <https://www.youtube.com/watch?v=g1QXvYOf0is>

Fyrir börnin: https://www.youtube.com/watch?v=H-E6Wl_aGt4

Bænir:

Drottinn Guð, sonur þinn valdi þá leið er lá gegnum þjáning og kvöl til krossins. Gef að við, sem höfum verið merkt í skírninni, höfum kross hans fyrir sjónum og í sál, og mættum um síðir ná fram til upprisudýrðar hans.

Drottinn Guð, við biðjum fyrir samfélagi okkar á Akranesi og í Hvalfirði. Blessa öll þau sem misst hafa vinnu sína eða minnkað starfshlutfall. Gef þeim djörfung til horfa til framtíðar. Varðveit og blessa atvinnulíf á svæðinu, að það megi eflast á nýjan leik.

Heilagi Guði, miskunnsami faðir,
við biðjum og líkn og lækningu
sjúkum. Lina þrautir, gefur heilsu og
styrk, frið í sál, hvíld hugans og
huggun trúarinnar.

Við biðum fyrir þeim sem gegna
vandastörfum á þessum tíma.
Heilbrigðisstarfsfólki, Landlækni,
sóttvarnarlækni og almannavörnum.
Blessa þau í störfum þeirra og gef
þeim visku til að taka réttar
ákvarðanir.

Drottinn Jesús, þú hefur kallað okkur
til fylgdar við þig. Lát kærleikann
ekki kólna hjá okkur, og lát okkur
ekki bregðast eða afneita þér á
reynslustundu.

Bæn frá eigin brjósti.

Faðir vor, þú, sem ert á himnum.
Helgist þitt nafn, til komi þitt ríki,
verði þinn vilji svo á jörðu sem á
himni.

Gef oss í dag vort daglegt brauð.

Og fyrirgef oss vorar skuldir
svo sem vér og fyrirgefum
vorum skuldunautum.

Eigi leið þú oss í freistni,
heldur frelsa oss frá illu.

Því að þitt er ríkið,
mátturinn og dýrðin
að eilífu. Amen.

Blessun:

Með himneskri blessun blessi oss almáttugur Guð, Faðir, sonur og heilagur andi.
Amen.

Sálmur

Hér má heyra Kór Akraneskirkju flytja sálminn *Þú mikli Guð*.

<https://www.youtube.com/watch?v=AsK9VzMRtFA>

Textann má sjá hér: <https://kirkjan.is/kirkjan/salmar/salmur/?itemid=06830db9-3393-11ea-9111-005056bcebcd>

Guð blessi ykkur öll.